

**Umsögn fulltrúa Sjálfstæðisflokks, fulltrúa íbúasamtaka, fulltrúa foreldrafélaga og fulltrúa slembivalinna í íbúaráði Miðborgar og Hlíða um tillögu að umferðarskipulagi Kvosarinnar**

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 22. september 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs með umsagnarbeiðni um tillögu að umferðarskipulagi Kvosarinnar.

Samþykkt var að fela formanni íbúaráðs Miðborgar og Hlíða að gera umsögn fyrir 5. október n.k., sem verður lögð fram til staðfestingar á næsta fundi íbúaráðsins. Íbúaráð Miðborgar náði ekki saman um sameiginlega umsögn og því sendast umsagnir í tvennu lagi.

*Umsögn fulltrúa Sjálfstæðisflokks, fulltrúa íbúasamtaka, fulltrúa foreldrafélaga og fulltrúa slembivalinna í íbúaráði Miðborgar og Hlíða um tillögu að umferðarskipulagi Kvosarinnar:*

Eftirfarandi fulltrúar í íbúaráði miðborgar og hlíða: Örn Þórðarson, Benóný Ægisson, Kristín Vala og Jón Magnússon leggja til að göturnar í Kvosinni verði frekar gerðar að vistgötum til að hamla ekki aðgengi íbúa og gesta Kvosarinnar að komast leiðar sinnar. Lagt er til að breytingin verði skilgreind sem tilraunatími og að einhverjum tíma liðnum yrði tekin ákvörðun um hvað skynsamlegast yrði að gera. Þá væri hægt að breyta einhverjum götum í göngugötur en öðrum í vistgötur, eða PPS-götur (Pedestrian Priority Streets – Fótgangangi hafi forgang). Þar mætti t.d. aka á 10-15 km. hraða, en hjólandi og gangandi umferð hefði forgang, en möguleiki væri að loka sumum götum alveg með fjarstýrðum pollum á góðviðrisdögum eða þegar tilefni þætti til í tengslum við viðburði í miðborginni. Þetta fyrirkomulag væri hægt að aðlaga að þörfum flestra, íbúa, fatlaðra, atvinnulífsins og stofnana, svo sem lögreglu og slökkviliði. Mikilvægt er að íbúar Kvosarinnar komist akandi að íbúðum sínum, það á sérstaklega við hvað varðar flutning á ýmiskonar aðföngum til og frá heimilum sínum.